



Tilnefning til íþróttamanns Dalvíkurbyggðar (rafrænt)

Nafn einstaklings og kennitala Arnór Snær Guðmundsson
Nafn íþróttafélags Fylkir
Íþróttagrein Blak

Íslandsmeistaratitlar (eða sambærilegt, t.d. landsliðsúrtak)

--

Aðrir titlar / sigrar / mót

.

Ástæða tilnefndingar (helstu kostir viðkomandi sem íþróttaiðkandi)

Texti sem fylgdi ábendingu frá Rimum: Arnór er upprennandi blakari og góð fyrirmynd sem er uppalin hjá okkur í Rimum en spilar í dag með meistaraflokki Fylkis. Arnór var tilnefndur hjá Fylki í kjöri á íþróttafólki ársins þar sem hann þótti skara framúr og vera góð fyrirmynd utan vallar sem innar. Við erum stolt af því að hafa tekið þátt í hans blakuppeldi og hlökkum til að fylgjast með honum á blakvellingum í framtíðinni.

Fyrir hönd íþróttafélags

Nafn þess sem tilnefnir: Íþrótta- og æskulýðsráð tilnefnir Arnór Snæ eftir ábendingu frá Rimum
--



Tilnefning til íþróttamanns Dalvíkurbyggðar (rafrænt)

Nafn einstaklings og kennitala: **Borja López Laguna**

Nafn íþróttafélags: **Dalvík/Reynir**

Íþróttagrein: **Knattspyrna**

Íslandsmeistaratitlar (eða sambærilegt, t.d. landsliðsúrtaf)

Aðrir titlar / sigrar / mót

Ástæða tilnefndingar (helstu kostir viðkomandi sem íþróttaiðkandi)

Sumarið 2020 lék Borja López lykilhlutverk í liði Dalvíkur/Reynis en hann skoraði 7 mörk í 17 leikjum í liðsins í sumar.

Í lok tímabils var hann valinn leikmaður ársins af stjórnar- og leikmönnum félagsins.

Borja hefur stimplað sig inn í hug og hjörtu íbúa Dalvíkurbyggðar með glaðlegri og fagmannlegri framkomu, hann er mikill félagsmaður og góð fyrirmynd fyrir unga knattspyrnuíðkenndur og því vel að tilnefningunni kominn.

Fyrir hönd íþróttafélags

Stefán Garðar Níelsson, formaður



Tilnefning til íþróttamanns Dalvíkurbyggðar (rafrænt)

Nafn einstaklings og kennitala Ingvi Örn Friðriksson
Nafn íþróttafélags Kraftlyftingafélag Akureyrar – Kraftlyftingasamband Íslands
Íþróttagrein Klassískar Kraftlyftingar

Íslandsmeistaratitlar (eða sambærilegt, t.d. landsliðsúrtak)

Landsliðsmaður Kraft síðan 2016. 3. sæti á styrkleikalista landsins

Íslandsmet í réttstöðulyftu í -105 kg flokki (307.5 kg)

3. sæti á Reykjavík International Games 2020

Hefur sett 36 Íslandsmet frá því að ég hóf keppnisferill.

Aðrir titlar / sigrar / mót

Ingvi náði einu alþjóðlegu móti á árinu og því inn á alþjóðlegan styrkleikalista IPF (International Powerlifting Federation). Hann heldur sæti sínu í landsliði Íslands í kraftlyftingum (KRAFT) ásamt því að vera einn af topp þrem keppendum landsins miðað við stigagjöf IPF.

Ástæða tilnefndingar (helstu kostir viðkomandi sem íþróttaiðkandi)

Ingvi Örn hefur þróað fyrir heimsfaraldur haldið einbeitingu og hefur haldið úti æfingum við mjög takmarkaðar og erfiðar aðstæður.

Fyrir hönd íþróttafélags

Nafn þess sem tilnefnir:

Íþrótt- og æskulýðsráð tilnefnir Ingva Örn



Tilnefning til íþróttamanns Dalvíkurbyggðar (rafrænt)

Svavar Örn Hreiðarsson

Hestamannafélagði Hringur

Hestaíþróttir

Íslandsmeistaratitlar (eða sambærilegt, t.d. landsliðsúrtaf)

Aðrir titlar / sigrar / mót

Stórmót Þjálfar 1. Sæti í flugskeiði 100 m P2 opnum flokki á Sprotar frá Sauðholti 2

Kvöldmót Skagfirðings 3 1. Sæti í flugskeiði 100 m P2 opnum flokki á Hnoppu frá Árbakka

Opið haustmót Léttis 2020 1. Sæti í flugskeiði 100 m P2 opinn flokkur á Sprotar frá Sauðholti 2

Kvöldmót Skagfirðings 2 1. Sæti í flugskeiði 100 m P2 opinn flokkur á Skreppu frá Hólshúsum

Punktamót 1 1. Sæti í flugskeiði 250 m P1 opinn flokkur á Surtsey frá Fornusöndum

Kvöldmót Skagfirðings 3 1. Sæti í skeiði 250 m P1 opinn flokkur á Hnoppu frá Árbakka

Svavar Örn Hreiðarsson keppti á 34 mótum á árinu og endaði fimm sinnum aftar en 10. Sæti. Tuttugu og einu sinni var hann í 1-5 sæti og 6 sinnum stóð hann uppi sem sigurvegari

Ástæða tilnefndingar (helstu kostir viðkomandi sem íþróttaiðkandi)



Eins og kemur fram hér að ofan er Svavar Örn mjög afkastamikill keppnismaður og jákvæðiur. Hann hikað ekki við að setja hestana á kerru og keyra með þá mörg hundruð km til að keppa, bara vegna ánægjunnar. Svavar Örn hefur verið um nokkurt skeið einn fremsti skeiðkappreiðamaður hér á landi en auk þess er hann farinn að taka þátt í keppni hringvallargreinum og gekk það afskaplega vel hjá honum. Þriðji á Gæðingamóti okkar Hringsfélaga sl. Sumar í fimmgangi á Sprotu frá Sauðholti 2 og 2. Í tölta T1 á sama móti einnig á Sprotu frá Sauðholti 2.

Svavar Örn var stigahæsti knapinn í kjöri til íþróttamanns Hrings núna á haustmánuðum þar sem hann hlaut 242,7 stig.

Fyrir hönd íþróttafélags

Fyrir hönd Hesamannafélagsins Hrings

Lilja Guðnadóttir formaður



Tilnefning til íþróttamanns Dalvíkurbyggðar (rafrænt)

Nafn einstaklings og kennitala Sveinn Margeir Hauksson
Nafn íþróttafélags KA
Íþróttagrein Knattspyrna

Íslandsmeistaratitlar (eða sambærilegt, t.d. landsliðsúrtak)

--

Aðrir titlar / sigrar / mót

Sveinn spilaði knattspyrnu með KA í sumar. KA spilar í efstu deild í knattspyrnu og endaði í 7. sæti í sumar.

Ástæða tilnefndingar (helstu kostir viðkomandi sem íþróttaiðkandi)

Af síðu KA:
Sveinn Margeir Hauksson var valinn efnilegasti leikmaður KA sumarið 2020. Þessi 19 ára gamli miðjumaður kom frábærlega inn í liðið í sumar og lék 18 leiki í deild og bikar og skoraði auk þess glæsilegt mark.

Fyrir hönd íþróttafélags

Nafn þess sem tilnefnir:
Íþrótt- og æskulýðsráð tilnefnir Svein Margeir